

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar innir af hendi skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Innheimt skal eftirfarandi byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir, sbr. 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

<i>Flokkur A: Íbúðarhúsnæði:</i>	<i>án vsk.</i>
Einbýlishús	243.350 kr.
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, gjald á hverja íbúð	206.860 kr.
Fjölbýlishús, gjald á hverja íbúð	121.680 kr.
Fristundahús	121.680 kr.
<i>Flokkur B: Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði:</i>	
Gólfllötur allt að 500 fermetrar	243.350 kr.
Gólfllötur á bilinu 500-1.000 fermetrar	486.700 kr.
Gólfllötur yfir 1.000 fermetrum	730.050 kr.
<i>Flokkur C: Önnur hús, hvers konar viðbyggingar, bílageymslu- og gripahús:</i>	
Nýbygging eða viðbygging allt að 40 fermetrar	97.340 kr.
Nýbygging eða viðbygging frá 40-100 fermetrum	146.010 kr.
Nýbygging eða viðbygging yfir 100 fermetrum	243.350 kr.
<i>Flokkur D: Annað:</i>	
Minni háttar breytingar á útliti, innra skipulagi, klæðningu utanhúss o.þ.h.	48.670 kr.
Meiri háttar breytingar á innra skipulagi húsnæðis, s.s. veggjum, lögnum o.þ.h.	121.680 kr.

2. gr.

Leyfisgjöld.

Stöðuleyfi hjólhýsa, báta og annarra muna skv. 1. gr. reglna Ísafjarðarbæjar um útgáfu stöðuleyfa (árgjald)	30.950 kr.
Stöðuleyfi gáma (árgjald)	56.410 kr.
Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðahafa	19.660 kr.
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	27.740 kr.
Afgreiðslugjald byggingarfulltrúa	14.450 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	14.740 kr.
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	60.680 kr.
Lóðagjald	43.350 kr.
Yfirferð aðaluppdráttar	38.580 kr.
Tímavinnugjald við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjóraskipta, sbr. 4. gr. gjaldskrárinnar	22.980 kr.
Endurnýjun byggingarleyfis	14.450 kr.
Leyfi til niðurrifs mannvirkja	36.840 kr.
Breyting á skráningu, sbr. 5. gr. gjaldskrárinnar	37.570 kr.

3. gr.

Vottorð.

Byggingarstig húsa	35.590 kr.
Afgreiðsla skráningartöflu	38.690 kr.
Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga, gjald á eignarhlut	skv. reikningi

4. gr.

Tímavinnugjald byggingarfulltrúa.

Af viðameiri framkvæmdum er heimilt að innheimta tímavinnugjald af þeirri vinnu sem lagt er út í við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjórnaskipta.

5. gr.

Kostnaður skoðunarstofu.

Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm og/eða umfangsmikil getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir á kostnað eiganda vegna framkvæmdar í heild eða að hluta, sbr. ákvæði í gr. 3.3.1 og 3.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

6. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2025 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1353/2023.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 3. október 2024.

Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri.